


Skipurit vegna ágreiningsmála



Ef til ágreinings kemur meðal þeirra sem hér eru nefndir í skipuriti, ágreinings sem þeim tekst ekki að leysa milli sín, þá byrja einstaklingar almennt á því að ræða við þann sem næst fyrir ofan stendur í „valdastiga“ skipurits (sjá texta hér að neðan). Einnig er hægt að leita beint til framkvæmdastjóra SÍK sem tekur málið áfram til stjórnar ef þurfa þykir.

Nemendur

Ef nemendur lenda í ágreiningi við aðra nemendur og geta ekki leyst málið, þá skulu þeir hafa samband við umsjónarkennara sem leitast við að leysa málið.

Ef nemendur lenda í ágreiningi við sjálfbóðaliða/almennan kennara, þá skulu þeir snúa sér til umsjónarkennara sem vinnur þá að því að leysa málin.

Ef nemendur lenda í ágreiningi við umsjónarkennara, þá skulu þeir hafa samband við framkvæmdastjóra sem hittir þá hlutaðeigandi og vinnur í úrlausn málsins.

Sjálfbóðaliðar/kennarar

Ef sjálfbóðaliði verður vitni að ágreiningi milli nemenda, skal hann fyrst leita til umsjónarkennara sem mun ræða málið með hlutaðeigandi. Ef það skilar ekki árangri skal umsjónarkennari leita til framkvæmdastjóra sem þá leitar lausna.

Ef sjálfbóðaliði verður vitni að ágreiningi milli umsjónarkennara og nemenda, ágreiningi sem ekki leysist, þá skal hann snúa sér beint til framkvæmdastjóra sem tekur þá málið í sínar hendur.

Ef sjálfboðaliði lendir í ágreiningi við nemendur, ágreiningi sem hann getur ekki leyst, skal hann leita til umsjónarkennara en ef ágreiningur kemur upp við umsjónarkennarann sjálfan, skal sjálfboðaliði leita beint til framkvæmdastjóra.

Umsjónarkennari

Ef umsjónarkennari verður vitni að ágreiningi milli nemenda, eða ágreiningur kemur upp milli hans og nemenda eða við sjálfboðaliða/kennara, ágreiningur sem ekki er hægt að leysa, þá ber umsjónarkennara að hafa samband við framkvæmdastjóra sem leitar þá lausna.

Ef umsjónarkennari lendir í ágreiningi við framkvæmdastjóra og engin lausn er í sjónmáli, skal hann hafa samband við stjórn SÍK sem sér þá um úrvinnslu málsins.